



## Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

### Breytt tilhögun þjónustu vegna COVID-19 á aðalskrifstofu, Patreksfirði

Í ljósi aðstæðna hefur Sýslumaðurinn á Vestfjörðum gripið til ráðstafana til að halda áfram að veita íbúum umdæmisins þá mikilvægu þjónustu sem embættinu er falið lögum samkvæmt, með það að leiðarljósi að lágmarka áhættu fyrir starfsfólk og viðskiptavinum.

Aðgengi að skrifstofu embættisins á Patreksfirði verður takmarkað. Skrifstofan verður lokað öðrum en starfsmönnum frá og með miðvikudeginum 25. mars þar til annað verður ákveðið.

Viðskiptavinir eru beðnir um að hafa samskipti við embættið símleiðis (s. 458 2400) eða nota tölvupóst ([vestfirdir@syslumenn.is](mailto:vestfirdir@syslumenn.is)).

Starfsmenn munu meta erindin með tilliti til þess hvort brýna nauðsyn beri til að viðskiptavinir mæti á skrifstofuna í eigin persónu og úthluta viðtalstímum ef ástæða er til. Öðrum erindum verður sinnt rafrænt.

Unnt er að leggja inn gögn, þ.m.t. þinglýsingarskjöl, í kassa í anddyri eða senda í bréfpósti. Mikilvægt er að upplýsingar um tengilið fylgi með, svo sem nafn, netfang og símanúmer.

Viðskiptavinir eru beðnir um að millifæra allar greiðslur vegna þjónustu og annarra gjalda inn á bankareikning embættisins nr. 0153-26-4110, kt. 411014-0100.

Endurnýjun ökuskrteina, týnd ökuskrteini:

Hægt er að sækja um bráðabirgðaheimild vegna endurnýjunar almennra ökuréttinda með því að senda póst á [vestfirdir@syslumenn.is](mailto:vestfirdir@syslumenn.is) og gefa upp kennitölu. Bráðabirgðaheimild í 1 mánuð verður send í tölvupósti. Prenta þarf heimildina út og hafa meðferðis við akstur. Bráðabirgðaheimild jafngildir ekki umsókn um nýtt ökuskrteini.

Tryggingastofnun og Sjúkratryggingar Íslands:

Unnt er að leggja inn erindi í kassa í anddyri eða senda í bréfpósti og verður unnið úr þeim jafnskjótt og auðið er. Netfang tryggingafulltrúa er [johannagisla@syslumenn.is](mailto:johannagisla@syslumenn.is)

Varðandi erindi til Tryggingastofnunar er bent á „Mínar síður“ á [www.tr.is](http://www.tr.is). Þar er m.a. hægt að sækja um allar greiðslur og breyta tekjuáætlun. Unnt er að setja fylgigögn með umsóknum beint inn á Mínar síður og einnig er hægt að senda fyrirspurnir, sem er svarað í tölvupósti. Til að komast inn á mínar síður þarf íslykil eða rafræn skilríki.

Vakin er athygli á eftirfarandi:

Á síðu embættisins á vef sýslumanna, [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is), má finna upplýsingar um skrifstofur, starfsmenn, netföng, símanúmer, bankareikninga, afgreiðslutíma o.fl.

Á vef sýslumanna, [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is) má nálgast fjölmörg stafræn form og ýmis eyðublöð.

Á vefnum [www.island.is](http://www.island.is) má einnig nálgast ýmsar gagnlegar upplýsingar.

24. mars 2020

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum